

	Gjöld :	Kr.	Kr.
25. febr.	1. Fyrir að semja bókaskrá, raða bókum og merkja bókahyllur		269,50
	2. — keyptar bækur, bókband og flutning á bókum		801,17
	3. — ræsting og þvott		83,20
	4. Til hitunar og aðgjörðar á eldavjel		480,29
	5. — ýmislegs: brjefburðargjalds, aðgjörða o. fl.		11,71
	6. Fyrir að smíða bókaskáp undir skjalasafn, sbr. tekjulið 5.		99,38
	7. Eptirstöðvar:		
	a. kgl óuppsegjanleg rikisskuldabryf	3650,00	
	b. innritunarskírteini Litr. G. Fól. 120.	2800,00	
	c. í sjóði hjá gjaldkera	75,01	6525,01
		Samtals	8270,26

Reykjavík, 25. febr. 1887.

Eiríkur Briem.

102

Fiskiveiðasamþykkt.

11. okt. Sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefur með lögákveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjarðarkaupstað samkvæmt lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi:

SAMÞYKKT

nm ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum á svæðinu frá Geirhólma að Öskubak innan Ísafjarðarsýslu.

1. grein.

Enginn, sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum frá Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað, má eiga lóðir í sjó frá kl. 9 á kveldi til kl. 3 um nætur á tímabilinu frá 1. desbr. til 1. apríl.

2. grein.

Enginn má slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund á sjó úti, á hverjum tíma árs sem er.

3. grein.

a) Enginn má hafa neins konar skelfisk til beitu á lóðir á neinum tíma árs fyrir utan línu, sem hugsast dregin úr Arnarneshamri í Snæfjallabryggju, nje fyrir vestan línu, er dregin er úr Álkukletti í Bjarnarnúpi í Hafnasker í Sljettulandi. Á svæðinu fyrir innan þessa línu má ekki hafa skelfisk til beitu á lóðir á tímabilinu frá 1. desbr. til 1. apríl.

b) Enginn má á tímabilinu frá 1. apríl til 15. maí hafa síld til beitu á lóðir á öllu því svæði, er samþykkt þessi nær yfir.

4. grein.

Á tímabilinu, sem um er rætt í 1. grein, má enginn byrja sjóferð til fiskiveiða með lóðum fyrir kl. 3 að morgni; þó nær þessi ákvörðun ekki til þeirra, sem hafa uppsátur fyrir norðan Rit.

5. grein.

Enginn má vísvitandi leggja net eða lóðir ofan í veiðarfæri annars manns. Hegningu skal þó því að eins beitt, að skaði hafi af hlotizt.

6. grein.

102

- a) Í sjerhverjum hreppi í Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað sje skipuð 3 manna nefnd; kýs hreppsnefndin eða bæjarstjórnin einn þeirra úr sínum flokki, og skal hann vera oddviti nefndarinnar, en hinir tveir skulu vera formenn, og gengst oddvitinn fyrir því, að formenn þeir, sem uppsátur hafa í hreppnum, sjálfir kjósi þá úr sínum flokki í byrjun hverrar vertíðar. Vanræki hlutaðeigendur að mæta á fundi þeim, er boðaður verður í því skyni af hreppsnefndaroddvita og bæjarstjórn, skal hreppsnefndin og bæjarstjórnin hafa vald til að skipa menn til starfa þeirra, sem enginn má skorast undan án gildra orsaka, sem hreppsnefndir og bæjarstjórn eru einar bærar um að meta. Skal nefnd þessi hafa nákvæmar gætur á því, að því, sem tekið er fram í samþykkt þessari, sje fyllilega hlýtt. Verðiein hver uppvis að því eða nefndinni þykir líklegt, að einhver hafi brotið móti samþykktinni, tilkynnir hún það hlutaðeigandi yfirvaldi.
- b) Brjóti nokkur móti samþykkt þessari, nema líf liggi við, varðar það sektum frá 10—100 króna eptir málavöxtum. Svo má og gjöra afla upptækan, ef miklar sakir eru. Helmingur sekta til falli fátækra sjóði viðkomandi hrepps, hinn helmingurinn gæzlunefndinni og uppljóstrarmanni.

7. grein.

Samþykkt um fiskiveiðar á opnum skipum frá 15. nóvbr. 1884 skal úr gildi felld.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til þess að öðlast gildi hinn 1. janúar 1888, og er samþykkt fyrir Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum, staðfest af amtmanninum yfir vesturamtinu 15. nóvbr. 1884, frá sama tíma úr gildi numin.

Þetta kunngjörlist öllum, er hlut eiga að máli til eptirbreytni.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 11. oktbr. 1887.

E. Th. Jónassen.

Ákvörðun

103

um, að samþykkt fyrir Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað um hákarlaveiðar á opnum skipum, dags. 16. ágúst 1879, skuli úr gildi numin. 11. okt.

Sýslunefndin í Ísafjardarsýslu hefur með lögákveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjardarkaupstað samkvæmt lögum 14. desember 1877 um ýmisleg atviki, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, ákvarðað, að samþykkt fyrir Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað, um hákarlaveiðar á opnum skipum, dagsett 16. ágúst 1879, skuli úr gildi numin.

*

*

*

Greind ákvörðun sýslunefndar Ísafjardarsýslu er hjer með staðfest, og kunngjörlist öllum hlutaðeigendum.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 11. oktbr. 1887.

E. Th. Jónassen.